

# Áveitan

4. tbl. 8. árgangur. Apríl 2014

## Páskaeggja skákmót 12. apríl kl.10:00

Laugardaginn 12. apríl kl.10:00 í Þjórsárveri heldur Þjótandi páskaeggjaskákmót fyrir grunnskólabörn í Flóahreppi.

Allir keppendur fá lítið páskaegg og sigurvegarar í hverjum af þremur aldursflokkum sérstök verðlaun. Umhugsunartími verður 10 min. og mótsstjóri verður Ágúst Valgarð Ólafsson.

Gott er að hafa með sér nesti að maula á milli umferða. Áætluð mótslok eru um kl.14.

## Skákfréttir

Miðvikudaginn 26.mars var fyrsta skákæfing Þjótanda í Flóaskóla. 10 nemendur eru skráðir. Á æfingunum er helst stuðst við námsefni frá stórmeistararum Susan Polgar. Þar er farið yfir grunnatriðin lið fyrir lið með margvíslegum æfingadæmum og skákþrautum. Í lok æfingar eru svo telfdar æfingaskákir. Þá er hvert tækifæri notað til að þjálfra börnin maður á mann og benda þeim á hvernig þau geti bætt sig. Eins og í mörgu öðru þá gildir hér að æfingin skapar meistarann.

Á fyrstu æfingunni var fjallað upp sögu og uppruna skákarinnar. Farið var yfir gang þeða, framhjálaup og virði þeirra. Þeðastrið var æft auk annara þeðaprauta.

Síða með fréttir af skákstarfinu er á slóðinni <http://floaskak.blog.is>



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

### Leikskólamál

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt að bjóða út framkvæmdir með opnu útboði samkvæmt drögum að útboðsgögnum sem lágu fyrir fundi. Það verður gert um leið og allar hönnunarteikningar liggja fyrir en hönnun loftræstingar í leikskóla dróst aðeins á langinn vegna ýmissa viðbóta sem þarf að framkvæma og bera þurfti undir Brunavarnir Árnesinga. Búið er að hreinsa loft og kyndiklefa í húsnæði leikskólans og undirbúa húsið fyrir framkvæmdir. Sveitarstjórn samþykkti einnig á fundi sínum að fela sveitarstjóra að sækja um byggingarleyfi og umsókn er nú farin til byggingarfulltrúa.

### Lóðir í Hraungerði

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt gagntilboð Kirkjumálasjóðs í lóðir við Þingborg, alls um 16 ha að stærð. Tilboðið hljóðaði upp á 7.000.000 kr. en þetta er landið sem m.a. félagsheimilið Þingborg er á, leikskólinn Krakkaborg, gamla Þingborg og skipulagt land sem liggur fyrir neðan leikskóla. Flóahreppur leigir þetta land í dag og borgar fyrir það árlega leigu.

### Foreldragjald vegna talþjálfunar barna í leik- og grunnskóla

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt gjaldskrá fyrir foreldragjald vegna talþjálfunar barna í leik- og grunnskóla sveitarfélagsins. Hólmfríður Árnadóttir hjá Máli og Tali hefur annast talþjálfun barnanna samkvæmt samningi sem gerður var við hana s.l. sumar. Gjaldskráin er svohljóðandi fyrir hvern tíma:

Greining, áætlunargerð og ráðgjöf í fyrstu heimsók	kr. 1.739
Greining og ráðgjöf í fyrstu heimsókn fyrir stambörn	kr. 1.739
Framburðarþjálfun (30 mín)	kr. 1.299
Málþroskaröskun-stam	kr. 1.739
Málþroskavandi-þjálfunartími	kr. 1.739
Greining	kr. 3.456

Gjaldskrána má sjá í heild sinni má sjá á <http://www.floahreppur.is/wp-content/uploads/2007/01/FORELDRAGJALD-TALTHJALFUN.pdf>

### Vinnuskóli

Auglýst er eftir unglingum fæddum 1998, 1999 og 2000 með lögheimili í Flóahreppi, til vinnu í sumar við Vinnuskóla Flóahrepps.

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 10. júní til 24. júlí og geta unglingar valið um sex vikur innan þessa tímaramma.

Unnið verður 4 daga vikunnar, mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9.00-16.00

Tekið er á móti skráningum á skrifstofu sveitarfélagsins til mánudagsins

28. apríl n.k. í síma 480-4370 frá kl. 9.00-13.00 eða með tölvupósti á netfangið [gudrun@floahreppur.is](mailto:gudrun@floahreppur.is)

### **Flokkstjóri Vinnuskóla**

Auglýst er eftir flokkstjóra/flokkstjórum fyrir Vinnuskóla Flóahrepps.

Viðkomandi þarf að vera orðinn 18 ára og hafa bílpróf. Reynsla af starfi með unglingum er æskileg.

Umsóknum má skila á skrifstofu sveitarfélagsins til föstudagsins 11. apríl n.k. með tölvupósti á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

### **Velferðarþjónusta Árneshöfna**

Óskar eftir starfsfólki til starfa við félagslega heimaþjónustu í uppsveitum og Flóahreppi. Um er að ræða hlutastarf.

#### **Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

Almenn þríf

Aðstoð við persónulega umhirðu

Veita félagslegan stuðning og hvatningu

Vera vakandi yfir andlegri og líkamlegri líðan þjónustuþega

#### **Helstu hæfniskröfur:**

Hæfni í mannlegum samskiptum

Frumkvæði og skipulagshæfni

Hæfni til að starfa sjálfstætt

Skilyrði að umsækjandi hafi reynslu af almennum heimilisstörfum

Þarf að hafa bíl til umráða. Umsóknarfrestur er til 20.apríl.nk.

Vinsamlegast sendið fyrirspurnir í tölvupósti á [sigrun@laugaras.is](mailto:sigrun@laugaras.is) eða [maria@hveragerdi.is](mailto:maria@hveragerdi.is) eða hringið í síma 480-1180

### **Íbúafundur**

Sveitarstjórn Flóahrepps boðar til íbúafundar um ljósleiðaravæðingu og ársreikning Flóahrepps fyrir árið 2013 í Þingborg 9. apríl 2014 k. 20:30

Fundurinn er haldinn til að kanna hug íbúa til ljósleiðaravæðingar í sveitarfélaginu ásamt því að kynna niðurstöður ársreiknings.

Dagskrá:

1. Ingólfur Bruun segir frá ljósleiðaravæðingu í Örnafasveit og Mýrdalshreppi
2. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri segir frá ljósleiðaravæðingu í Skeiða- og Gnúhverfjahreppi.
3. Aðalsteinn Sveinsson, oddviti kynnir ársreikning ársins 2013
4. Almennar umræður

## **Menningarstyrkir**

Sveitarstjórn Flóahrepps auglýsir eftir umsóknum um styrki til menningarmála í sveitarfélaginu sbr. reglur um reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í Flóahreppi dags. 6. febrúar 2013.

Reglurnar eru svohljóðandi:

Styrkupp hæð verður samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi vinnureglur eru settar til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja:

Að um sé að ræða verkefni í Flóahreppi

Að umsækjandi sé lögráða einstaklingur, félagasamtök, stofnun eða fyrirtæki sem er með lögheimili í Flóahreppi.

Að umsókn fylgi lýsing á verkefni með verkáætlun, tímaramma, fjárhagsáætlun og upplýsingar um umsækjendur.

Að umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu til staðar fyrir framkvæmd verkefnis.

Að umsókn fylgi ósk um styrkupp hæð.

Ekki verða veittir ferðastyrkir eða styrkir til reksturs.

Umsóknum þarf að skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl n.k. og úthlutanir verða í tengslum við Fjör í Flóa.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ákvörðun um úthlutun styrks/styrkja samkvæmt fyrirbyggjandi umsóknum. Sveitarstjórn getur leitað álits þar til bærra aðila við mat á umsóknum.

Sveitarstjórn getur ákveðið að veita styrk til eins verkefnis eða fleiri.

Til ráðstöfunar samkvæmt ofangreindum reglum fyrir árið 2014 er kr. 1.000.000.

**Umsóknum má skila til skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl n.k. eða á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is), merkt menningarstyrkur.**

## **Hvatastyrkir**

Minnt er á hvatagreiðslur Flóahrepps og styrki til æfinga og keppnisferða sbr. reglur sem sjá má á heimasíðu Flóahrepps, <http://www.floahreppur.is/stjornsysla/samthykkir-og-reglur/>

Umsóknareyðublöð um styrkina má einnig nálgast á heimasíðunni og minnt er á að skilafrestur er til 1. maí n.k. á umsóknum um styrki vegna vorannar.

## **Frá Umf. Baldri**

### **Páskahraðskákmót Umf. Baldurs**

Fimmtudagskvöldið 10. apríl verður haldið páskaskákmót Umf. Baldurs í Þingborg. Tefld verður létt hraðskák og eru allir velkomnir. Byrjað verður að tepla kl. 20:00.

Umf. Baldur

### **Páskaeggjabinó Umf. Baldurs**

Föstudagskvöldið 11. apríl verður haldið páskaeggjabinó í Þingborg á vegum skemmtinefndar Umf. Baldurs. Byrjað verður kl. 20:30. Í verðlaun verða páskaegg af öllum stærðum og gerðum. Láttu sjá þig.

Skemmtinefndin

## **Frá Sauðfjárræktarfélagi Hraungerðishrepps:**

### **Fræðslu- og skemmtiferð**

Sauðfjárræktarfélag Hraungerðishrepps ætlar að standa fyrir fræðslu- og skemmtiferð laugardaginn 12. apríl næstkomandi. Stefnan er tekin á uppsveitir Árnassýslu og nokkur bú skoðuð, ásamt því að borða. Geir Gíslason tekur á móti skráningum í síma : 690-8939 fyrir 9. apríl.

Allir velkomnir sem vilja eiga skemmtilegan dag með okkur.

## **Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Villingarholtshrepps**

Fundurinn verður haldinn á fjárhúsloftinu í Egilsstaðakoti föstudaginn 11. apríl klukkan 20:30. Allir velkomnir.

Stjórnin

## **Tækjalisti Búnaðarfélags Gaulverja 2014**

Umsjónarmenn: Þorsteinn á Syðra-Velli s. 486 3377, gsm. 862 0305 og Sturla á Fljótshólum gsm. 862 0623

Stór valtari	2300 kr/ha
Hnífaherfi	1800 kr/ha
Hestakerra	1700 kr/klst
Haugsuga	1500 kr/klst
Fjaðraherfi	1800 kr/klst
Pinnatætari	3300 kr/klst.
Diskaerfi	3500 kr/ha
Samson dreifari	25000 kr/ heill dagur 12500 kr/ hálfur dagur
Plógur	3500 kr/ha
Lítill valtari	1000 kr/ha

Tækin skulu smurð eftir notkun og skilað strax til umsjónarmanna á hvorn staðinn sem er, eftir hentugleika.

## **Harmonikkuball í Básnum**

Harmonikkufélag Selfoss og nágrennis stendur fyrir dansleik í Básnum í Ölfusi laugardagskvöldið 5. apríl frá kl. 21:00. Allir hjartanlega velkomnir.

Harmonikkufélagið

## **Aðalfundur Flóakorns ehf.**

Aðalfundur Flóakorns ehf. verður haldinn í Félagslundi að kvöldi mánudagsins 7. apríl kl. 20:30. Á dagskrá fundarins er hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem Finnþógi Magnússon forstjóri Jötunn Véla mun flytja erindi um jarðræktartækni o.fl.

Allir áhugamenn um kornyrkju velkomnir. Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin

## **Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:**

### **Aðalfundur**

Aðalfundur félagsins var haldinn í Þingborg fimmtudaginn 13. mars. 21 kona sat fund. Í skýrslu stjórnar kom fram að starfið var blómlegt á 80 ára afmælisárinu. Í tilefni afmælisins var veisla haldin í Félagsheimili Karla-kórs Selfoss, sett upp sögusýning á vorhátíðinni Fjör í Flóa og gefin gjöf til Leikskólans Krakkaborgar. Skemmtiferð var farin á Njáluslóðir og saumuðum við í Njálurefilinn, helgarferð var farin í sumarbústað í Grímsnesinu og var þátttaka góð í báðum þessum ferðum. Ásamt hinum kvenfélögunum í Flóahreppi var staðið fyrir dagsferð fyrir eldri borgara í Flóahreppi.

Jólatrésskemmtun var haldin í Þingborg 28 desember. Dúkaleigan hefur gengið vel og einnig gekk blómasalan, tombólan og kókusalán prýðilega. Samband Sunnlenskra kvenna minntist 85 ára afmælis síns með margvíslegum hætti og vorum við þátttakendur í þeim hátíðarhöldum. Kvenfélögin í Flóahreppi ætla að hafa basar á komandi hausti og erum við byrjaðar að undirbúa hann.

Á fundinum urðu breytingar í stjórn en Gunnur S. Gunnarsdóttir sem sinnt hefur gjaldkerastarfi undanfarin sex ár gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Í hennar stað var Halla Reynisdóttir kosin. Þökkum við Gunni gott samstarf og bjóðum Höllu velkomna til starfa. Ein kona gekk í félagið á fundinum. Ég vil minna konur á að hægt er að greiða félagsgjaldið inn á reikning 152-26-10411 kt. 590592-2349. Ég óska ykkur sem og sveitungum öllum gleðilegs sumars.

Fyrir hönd stjórnar Ingibjörg Einarisdóttir

### **Auður frá Lundum II**

**verður til afnota í Flóahreppi sumarið 2014. Auður er klárhestur með 8,46 í aðaleinkunn.**

**Upplýsingar og pantanir: Erling s: 8988779.**

## **Frá Umf. Samhygð:**

### **Flóahlaup UMF Samhygðar**

36. Flóahlaup UMF Samhygðar hefst kl. 13:00 við Félagslund laugardaginn 5. apríl.

Keppt verður í 3 km hlaupi stráka og stelpna 14 ára yngri, 5 km opnum flokki karla og kvenna og 10 km hlaupi kvenna 39 ára og yngri, 40-49 ára og 50 ára og eldri. 10 km hlaupi karla 39 ára og yngri, 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára eldri.

Verðlaun eru veitt fyrir þrjá fyrstu í hverjum flokki auk þess sem allir fá verðlaun fyrir þátttöku.

Skráningargjald 1.000 kr fyrir 14 ára og yngri og 2.000 kr fyrir 15 ára og eldri. Einungis skráð á staðnum. Ath. að greiða verður með peningum, enginn POSI á staðnum.

Innifalið í skráningargjaldinu er síðan kaffihlaðborð að hlaupi loknu.

Allir áhugsamir eru hvattir til að koma og taka þátt. Eins eru hjálpfúsar hendur vel þegnar til aðstoðar við framkvæmd hlaupsins.

### **Skírdagsbingó**

Spilað verður páskaeggjábíngó á Félagslundarloftinu að kvöldi skírdags 17. apríl kl. 20:00. Í verðlaun eru páskaegg af ýmsum stærðum. Allir velkomnir.

## **Kvöldvaka**

Kvöldvaka kvenfélaganna í Flóahreppi verður í Félagslundi miðvikudagskvöldið 30. apríl kl. 20.30.

Fyrirlesari verður sr. Anna Sigríður Pálsdóttir prestur í Dómkirkjunni. Fjölmennum og hlustum á sr. Önnu Sigríði og eigum saman skemmtilega kvöldstund í góðum hóp. Tilvalið að bjóða með sér konum utan félaganna.

Kvf. Gaulverjabæjarhrepps.

## **Aðalfundur félagsheimilana í Flóahrepp**

verður haldinn í Félagslundi þriðjudagskvöldið 15. apríl kl. 20:30, venjuleg aðalfundarstörf.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna.



## **Messuhald um páska**

### **Laugardælakirkja:**

Skírdagur 17. apríl - Messa kl. 13:30. Prestur sr. Axel Njarðvík. Almennur söngur. Altarísanga. Aðalsafnaðarfundur Laugardælasóknar verður haldinn að messu lokinni. Venjuleg aðalfundarstörf skv. starfsreglum um sóknarnefndir.

### **Villingaholtskirkja:**

Páskadagur 20. apríl - Hátíðarmessa kl. 11. Prestur sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson. Organisti Ingi Heiðmar Jónsson. Söngkór Hraungerðis- og Villingaholtssókna leiðir sönginn.

### **Gaulverjabæjarkirkju**

Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14:00 á páskadag 20. apríl. Sóknarprestur er Sr. Sveinn Valgeirsson, organisti Haukur Gíslason.

### **Hraungerðiskirkja:**

Annar páskadagur 21. apríl - Hátíðarmessa kl. 11. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík. Organisti Ingi Heiðmar Jónsson. Söngkór Hraungerðis- og Villingaholtssókna leiðir sönginn.

## ***AÐALFUNDUR***

Aðalfundur Skógræktardeildar Samhygðar verður haldinn fimmtudagskvöldið 10. apríl n.k. og hefst kl 21:00 á loftinu í Félagslundu (gengið inn vestan megin).

Dagskrá: Venjuleg aðalfundastörf, önnur mál.

Hvetjum félagsmenn til að mæta og bjóðum nýja félaga velkomna.

Stjórnin

## NAUTGRIPARÆKTARFERÐ 2014

Miðvikudaginn 9. apríl stendur Nautgriparæktarfélag Flóamanna fyrir skoðunar- og skemmtiferð um uppsveitir Árnessýslu ætlaða bændum og búliði á starfssvæði félagsins. Dagskrá ferðarinnar er eftirfarandi:

Leigð verður rúta sem stoppar fyrst við Smjördali kl. 10:30, síðan liggur leið hennar í Félagslund kl. 10:45 og loks verður hún við Þjórsárver kl. 11:00.

Fyrsti áfangastaðurinn verður nýbyggt og bætt fjós hjá Rúnari og Birnu á Reykjum á Skeiðum. Þaðan verður stefnan tekin í Tungurnar að garðyrkjustöðinni Friðheimum þar sem Helena Hermundardóttir og Knútur Ármann rækta tómata og hross auk þess að taka á mótí ferðamönnum.

Úr Tungunum liggur leiðin að Efsta Dal 2 í Laugardal þar sem Snæbjörn Sigurðsson og fjölskylda reka kúabú og ferðapjónustu undir sama þaki. Þar býðst hópnunum að kaupa ljúffenga súpu og aðra hressingu. Lokaáfangastaðurinn í þessu ferðalagi verður að Drumboddsstöðum þar sem Jórunn Svavarsdóttir og Jón Halldór Gunnarsson reka myndarlegt kúabú.

Áætluð heimkoma er milli 17 og 18.

Allir áhugamenn um nautgriparækt og fjósbyggingar eru velkomnir með. Ekkert fargjald er innheimt. Tekið verður við pöntunum í ferðina hjá stjórnarmönnum fram á mánudaginn 7. apríl. Stjórnina skipa:

Stefán Geirsson, Gerðum – sími: 8676907

Björn Harðarson, Holti – sími: 8618651

Grétar Sigurjónsson, Smjördölum – sími: 8587736



## **Frá Umf. Vöku:**

### **Páskabingó Umf. Vöku**

Fer fram þriðjudagskvöldið 15. apríl í Þjórsárveri. Bingóið hefst kl 20:00 og spjaldið verður selt á 500 kr. Það ætti enginn páskaeggjaunnandi að láta þetta skemmtilega bingó framhjá sér fara. Þess má geta að sjoppan verður opin.

### **Sumardagurinn fyrsti 24. apríl**

Sumardagurinn fyrsti verður haldinn hátíðlegur að venju á starfssvæði Umf. Vöku. Dagskráin hefst með Víðavangshlaupinu sem verður ræst á Þjórsárbökkum stundvíslega kl 13:30. Hlaupið er fyrir allan aldur svo við hvetjum heilu fjölskyldurnar til að mæta. Skráningar verða á staðnum og við hvetjum fólk til að mæta tímanlega svo hlaupið geti farið af stað á réttum tíma. Að hlaupi loknu mun samkoman færast inn í Þjórsárver þar sem verður almenn gleði og kaffiveitingar í boði ungmennafélagsins. Eftir kaffið fá svo allir hlauparar verðlaunaskjöl og sigurvegarar í karla- og kvennaflokki fá farandgrip til varðveislu. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta og fagna sumarkomunni með okkur.

Umf. Vaka

### **Aðalfundur Afréttamálafélags Flóa og Skeiða**

verður haldinn á Hestakránni fimmtudagskvöldið 10. apríl og hefst kl. 20:30. Sauðfjárnendur eru hvattir til að mæta vel á fundinn og láta sig málefni afréttarins varða.

Stjórnin

### **Pistillinn**

Nú hefur pistillinn hér í Áveitunni legið niðri um nokkurt skeið en áhugi er hjá ritstjórn að gera enn eina tilraun til endurlífgunar. Ritstjórn hefur ákveðið að skora á Victor Björgvin Victorsson í Skyggnisholti að skrifa pistil í næstu Áveitu. Þeir sem skorað verður á í framhaldinu eru hvattir til að taka vel við sér svo þessi skemmtilegi efnisþáttur blaðisins geti haldið velli.

Ritstjórn

## Fjör í Flóa

Nú er undirbúningur fyrir Fjör í Flóa hafin og viljum við biðja þá sem eru með einhverjar hugmyndir að viðburðum, þá sem vilja vera með bása, sýningar, kynningar ofl. sem og þá ætla að vera með opið hús að hafa samband við okkur. Einnig væri gott að fá að vita af smádýrum til að hafa til sýnis.

**Fjör í Flóa verður helgina 30. maí til 1. júní.**

Rekstrarstjórn félagsheimilanna  
sigmarorn@hotmail.com

### Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps

verður haldinn hjá Kolbrúnu í Kolsholti I mánudagskvöldið 7. apríl n.k. og hefst hann kl 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Hvetjum félagsmenn til að mæta og nýir félagar alltaf velkomnir.

Einnig minnum við félagsmenn á að panta plöntur sem fyrst hjá Þórunni á Vatnsenda í síma 486-3342.

Stjórnin.

## Úrslit af Héraðsleikum HSK

Héraðsleikar HSK í fjálsfum íþróttum voru haldnir laugardaginn 1. mars síðastliðinn á Hellu. Þjótandi átti vaska keppendur á því móti sem tóku sig vel út og voru okkur til mikils sóma. Í anda stefnu ÍSÍ fengu allir keppendur verðlaunapening að móti loknu. Árangurinn á mótinu var eftirfarandi:

Piltar 9 ára	Grein	árangur	Sæti
Sigurjón Reynisson	Langstökk án atr.	1,70m	1.
	Skutlukast	10,58m	8.
	30m hlaup	6,01sek	12.
Daði Kolviður Einarsson	Langstökk án atr.	1,57m	8.
	Skutlukast	13,29m	4.
	30m hlaup	5,70sek	4.

Fróði Kristinsson	Langstökk án atr.	1,24m	16.
	Skutlukast	9,91m	10.
	30m hlaup	6,50 sek	16.
Piltar 10 ára			
Sæþór Atlason	Hástökk	1,15m	1.-2.
	30m hlaup	5,13 sek	1.
	Langstökk án atr.	1,93m	1.
	Kúluvarp 2kg	6,52m	1.
Einar Skeggjason	Hástökk	1,00m	9.
	30m hlaup	5,68sek	5.
	Langstökk án atr.	1,73m	4.
	Kúluvarp 2kg	5,15m	11.
Sigurjón Óli Ágústsson	Hástökk	1,00m	12.
	30m hlaup	6,20sek	15.
	Langstökk án atr.	1,55m	5.
	Kúluvarp 2kg	4,95m	15.
Christian Dagur Kristinsson	Hástökk	0,80m	19.
	30m hlaup	5,95sek	11.-13.
	Langstökk án atr.	1,54m	6.-8.
	Kúluvarp 2kg	6,11m	3.
Stúlkur 10 ára			
Guðmunda Briet Steindórsdóttir	30m hlaup	6,44sek	14.-16.
	Langstökk án atr.	1,34m	17.
	Kúluvarp	4,14m	14.
	Hástökk	0,80m	15.-17.

## Í þrautabraut 8 ára og yngri kepptu eftirtaldir krakkar:

Auðunn Ingi Davíðsson  
 Benjamín Magnús Magnússon  
 Bjarki Freyr Guðmundsson  
 Helgi Reynisson  
 Hjalti Geir Jónsson  
 Laufey Árnadóttir  
 Oddur Olav Davíðsson  
 Óskar Freyr Sigurðsson  
 Soffía Náttól Andradóttir

## **Glímufréttir**

Nú fer æfingum fækkandi en æfingaskipulag verður með óbreyttu sniði fram að páskafríi. Mánudagsæfingar falla niður eftir páska en fimmtudagsæfingum verðar framhaldið út apríl a.m.k.

## **Íslandsglíma og Grunnskólamót Íslands**

Laugardaginn 5. apríl fer fram Grunnskólamót Íslands í íþróttahúsi Melaskóla í vesturbæ Reykjavíkur og hefst kl .10:00. Íslandsglíman verður haldin sama dag í íþróttahúsi Kennaraháskólans en hún hefst kl. 15:30. Flóaskóli mun eiga nokkra keppendur á grunnskólamótinu en Guðrún Inga Helgadóttir mun keppa fyrir hönd HSK í Íslandsglímuni.

## **Úrslit af Héraðsglímu**

Héraðsglíma HSK fór fram að Laugalandi í Holtum fimmtudaginn 6. mars sl. Þjótandi átti þar sex keppendur sem náðu góðum árangri. Stefán Geirsson sigraði í Skjaldarglímu Skarphéðins í 10. sinn og Marín Laufey Davíðsdóttir sigraði í glímuni um Bergþóruskjöldinn í 5. sinn í röð. Úrslit okkar fólks urðu eftirfarandi:

### **Konur**

1. Marín Laufey Davíðsdóttir 2 v.
2. Guðrún Inga Helgadóttir 0,5 + 1 -
3. Hanna Kristín Ólafsdóttir 0,5 + 0 -

### **Karlar**

1. Stefán Geirsson 3 v.

### **Unglingaflokkur karla**

3. Þorgils Kári Sigurðsson 1 v.
4. Jón Gunnþór Þorsteinsson 0 v.

### **Strákar 16 ára**

1. Þorgils Kári Sigurðsson 3 v.
2. Jón Gunnþór Þorsteinsson 2. v.

### **Stúlkur 15-16 ára**

1. Hanna Kristín Ólafsdóttir 1 + 1 v.

## Úrslit af Landsflokkaglímunni 2014

Landsflokkaglíman fór fram í íþróttahúsi Kennaraháskólans 1. mars. Guðrún Inga var eini keppandi HSK á mótinu og var árangur hennar eftirfarandi:

Konur -65 kg

2. Guðrún Inga Helgadóttir

Konur opinn flokkur

4. Guðrún Inga Helgadóttir

---

## Flóalistinn býður fram

Áhugahópur um framboð til sveitastjórnar í Flóahreppi bauð til opins fundar í félagsheimilinu Þingborg, sunnudagskvöldið 23.mars. Tilfni fundarins voru málefni sveitafélagsins og uppstilling á framboðslista fyrir sveitastjórnarkosningar. Á fundinum voru ýmis málefni rædd og í framhaldinu lýstu nokkrir aðilar yfir áhuga sínum á að sitja á listanum. Uppstillinganefnd kom með tillögu að lista og var hann samþykktur af öllum viðstöddum. F - Flóalistinn mun því bjóða fram í Flóahreppi í komandi kosningum til sveitarstjórnar 31. maí.

Kjörorð listans eru: Samstaða, ráðdeild og framsýni.

Listann skipa eftirtaldir:

- 1.Árni Eiríksson – Skúfslæk 2
- 2.Margrét Jónsdóttir – Syðra Velli
- 3.Sigurbára Rúnarsdóttir – Langstöðum
- 4.Stefán Geirsson – Gerðum 2
- 5.Helgi Sigurðsson – Súluholti 1
- 6.Ingunn Jónsdóttir – Hallanda
- 7.Heimir Rafn Bjarkason – Árprýði
- 8.Mareike Schacht – Fljótshólum
- 9.Dauið Ingi Baldursson – Litla Ármóti
- 10.Bjarni Stefánsson – Túni

## Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing eldri	3. apríl
Harmonikuball í Básnum	5. apríl
Flóahlaup Samhygðar	5. apríl
Grunnskólamót Íslands í glímu	5. apríl
Íslandsglíman	5. apríl
Glímuæfing	7. apríl
Aðalfundur Flóakorns ehf.	7. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélags Villingah.hr.	7. apríl
Frjálsar í Þingborg	8. apríl
Íbúafundur í Þingborg	9. apríl
Nautgriparæktarferð	9. apríl
Glímuæfing eldri	10. apríl
Páskahraðskákmót Umf. Baldurs	10. apríl
Aðalfundur Afréttamálafélagsins	10. apríl
Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Villingah.hr	11. apríl
Páskaeggjabinó Umf. Baldurs	11. apríl
Páskaeggjaskákmót Þjótanda	12. apríl
Skemmtiferð Sauðfjárræktarfélags Hraung.	12. apríl
Glímuæfing	14. apríl
Aðalfundur félagsheimilanna	15. apríl
Páskabinó Umf. Vöku	15. apríl
Skírdagsbingó Samhygðar	17. apríl
Messa í Laugardælakirkju	17. apríl
Messa í Villingaholtskirkju	20. apríl
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	20. apríl
Messa í Hraungerðiskirkju	21. apríl
Frjálsar í Þingborg	22. apríl
Víðavangshlaup Umf. Vöku	24. apríl
Glímuæfing eldri	24. apríl
Frjálsar í Þingborg	29. apríl
Kvöldvaka kvenfélaganna	30. apríl

